

RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 673 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Til : Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>; Vverk <vverk@vverk.is>
Frá : Vverk <vverk@vverk.is>
CC : Kristján Svan Kristjánsson <kristjan@isafjordur.is>; Erla Margrét Gunnarsdóttir <erla@isafjordur.is>; Garðar Sigurgeirsson <gardar@vverk.is>
Heiti : RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 673 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði
Málsnúmer : 2023020096
Málsaðili : Vestfirskir verktakar ehf.
Skráð dags : 22.06.2026 10:30:46
Höfundur : Vverk <vverk@vverk.is>

Viðhengi [Netagerðin Aðaluppdráttur.pdf](#)[Netagerðin Aðaluppdráttur.pdf](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Góðan dag,

Vísað er til bókunar skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar frá 18. júní 2026 í máli nr. 2023020096, þar sem nefndin óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða notkun rýmanna í Grænagarði og áætlaðan starfsmannafjölda.

Rýmin eru í blandaðri notkun, þ.e.:

Neðri hæð:

- 0101: Vinnustofa tengd vinnustofustarfsemi á efri hæð, að meðaltali ein manneskja ekki í fastri viðveru
- 0102: Trésmíðaverkstæði með einum starfsmanni, nokkuð föst viðvera
- 0103: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili
- 0104: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili
- 0105: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili
- 0106: Eingöngu notað sem köld geymsla, engin föst viðvera – aðeins í stuttan tíma í senn
- 0107: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili

Efri hæð:

- 0201: Vinnustofur (Netagerðin). Í þessu rými geta verið á bilinu 1-12 aðilar við vinnu. Hins vegar er viðvera þeirra stopul og oftar en ekki fáir að störfum í einu.

Ofantalið er fyrirhuguð notkun á húsinu.

Það er alveg ljóst að með breyttri starfsemi hússins eftir kaup Vestfirskra verktaka á því, er sá starfsmannafjöldi starfandi í húsinu á hverjum tíma mun minni en á þeim tíma sem Hampiðjan var þar með starfsmenn að meðaltali um 20 manns í fastri viðveru.

Á grundvelli framangreinds er þess óskað að skipulags- og mannvirkjanefnd taki erindið til frekari meðferðar og að unnt verði að úthluta fastanúmerum á einstök rými (matshluta) innan eignarinnar.

Meðfylgjandi eru aðaluppdrættir af Grænagarði (L138982) þar sem skiptingin í einstök rými kemur fram.

Gott væri að fá staðfestingu á móttöku póstsins og upplýsingar um hvenær málið verður tekið fyrir.

Endilega hafið samband ef eitthvað er óljóst.

Með kveðju,

Martha Kristín Pálmadóttir

Fjármálastjóri



Sími: 456 6600



GSM: 770 7368



Netfang: martha@vverk.is

Frá: Helga Þuríður Magnúsdóttir

Sent: Thursday, June 18, 2026 4:29 PM

Til: Vverk

Afrit: Kristján Svan Kristjánsson ; Erla Margrét Gunnarsdóttir

Efni: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 673 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Sæl

Meðfylgjandi er bókun nefndar frá því í dag, 18. júní:

2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Á 672. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 13. maí 2026 var lögð fram fyrirspurn frá Garðari Sigurgeirssyni f.h. Vestfirska Verktaka vegna breyttrar notkunar á Grænagarði. Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og að húsnæðið er innan snjóflóðalínu óskaði byggingarfulltrúi eftir afstöðu nefndarinnar.

"Skipulags- og mannvirkjanefnd getur ekki tekið afstöðu til erindis fyrr en það liggur fyrir hver notkun á rýmum verður og áætlaður fjöldi starfsmanna dags daglega með hliðsjón af því að mannvirkið er innan hættusvæðis C, nefndin óskar jafnframt eftir umsögn Veðurstofu Íslands".

Nú er lögð fram umsögn Veðurstofu Íslands, dags. 9. júní 2026.

Lögð fram til kynningar umsögn Veðurstofu.

Nefndin ítrekar fyrri bókun um að ekki verður tekin afstaða til erindis fyrr en það liggur fyrir hver notkun á rýmum verður og áætlaður fjöldi starfsmanna dags daglega með hliðsjón af því að mannvirkið er innan hættusvæðis C.

Þetta tilkynnist hér með.

f.h. skipulagsfulltrúa

Helga Þ. Magnúsdóttir

verkefnastjóri á tæknisviði

Ísafjarðarbær

450 8027 - www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær **hefur** hlotið jafnlaunavottun.
Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.